

Fimmtudaginn 16. september 1993.

Nr. 328/1993. **H. Helgason hf.**

gegn

Gjaldheimtunni í Reykjavík.

Kærumál. Fjárnám. Gjaldþrot.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili hefur með heimild í 1. mgr. 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 9. ágúst 1993, sem barst réttinum 11. sama mánaðar. Hann krefst þess, að hinum kærða úrskurði, sem kveðinn var upp af Kolbrúnu Sævarsdóttur, fulltrúa dómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur, „verði hrundið á þá leið, að kröfu kærða verði vísað frá héraðsdómi eða að kröfu kærða þess efnis, að bú kæranda verði tekið til gjaldþrotaskipta, verði hafnað. Til vara er þess krafist, að málsmeðferðin í héraði verði ómerkt og málinu verði vísað heim í hérað til löglegrar málsmeðferðar“. Hann krefst í öllum tilvikum málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Af hálfu sýslumannsins í Reykjavík var gert árangurslaust fjárnám hjá sóknaraðila 29. mars 1993 að stjórnarformanni gerðarþola viðstöddum. Engin athugasemd kom fram við gerð aðfararinnar, og gerðarþoli nýtti ekki heimild 1. mgr. 92. gr. aðfararlaga nr. 90/1989 til þess að krefjast úrlausnar héraðsdómara um hana innan átta vikna frá lokum gerðarinnar. Athugasemdir við gerðina komu fyrst fram af hálfu lögmanns gerðarþola, Steingríms Þormóðssonar héraðsdómslögmanns, í þinghaldi 7. júlí sl. Eftir að fresturinn rann út, urðu athugasemdir við gerðina ekki lagðar fyrir héraðsdómara, nema aðilar væru á það sáttir eða héraðsdómari teldi afsakanlegt, að þær hefðu ekki komið í tæka tíð. Hvorugu þessara skilyrða 2. mgr. 92. gr. laga nr. 90/1989 var fullnægt, og koma athugasemdir þessar því ekki til álitu í málinu.

Hins vegar lúta mótmæli sóknaraðila að því, að hluti kröfu

varnaraðila á hendur sér sé fyrndur. Mótmæli þessi eru rakalaus, og ber að fallast á niðurstöðu héraðsdómara um þennan þátt málsins.

Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 50.000 krónur í kærumálskostnað.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, H. Helgason hf., greiði varnaraðila, Gjaldheimtunni í Reykjavík, 50.000 kr. í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 3. ágúst 1993.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 26. júlí 1993.

Sóknaraðili er Gjaldheimtan í Reykjavík, kt. 570169-0849, Tryggvagötu 28, Reykjavík.

Varnaraðili er H. Helgason hf., kt. 591079-0189, Háteigsvegi 3, Reykjavík.

Krafa sóknaraðila er sú, að bú varnaraðila verði tekið til gjaldþrotaskipta. Þá gerir hann kröfu um málskostnað að mati dómsins.

Kröfur varnaraðila eru þær, að málinu verði vísað frá dómi. Til vara er gerð sú krafa, að því verði hafnað, að bú varnaraðila verði tekið til gjaldþrotaskipta. Þá er krafist málskostnaðar.

II.

Málavextir eru þeir, að með bréfi, er barst dóminum 20. apríl 1993, hefur sóknaraðili krafist þess, að bú varnaraðila verði tekið til gjaldþrotaskipta. Sóknaraðili kveðst eiga kröfu á hendur varnaraðila, að fjárhæð 14.483.577 kr., vegna vangoldinna opinberra gjalda. Að kröfu sóknaraðila var gert árangurslaust fjárnám hjá varnaraðila 29. mars 1993.

Krafa sóknaraðila var fyrst tekin fyrir á dómþingi 7. júní 1993. Málinu var frestað til 7. júlí 1993. Kom þá upp ágreiningur sá, er mál þetta snýst um, og var því þingfest sérstakt mál til úrlausnar honum.

III.

Af greinargerð varnaraðila og málflutningi hans hér fyrir dómi má ráða, að mótmæli hans við kröfu sóknaraðila ráðist einkum af tvennu, í fyrra

lagi af því, að aðfarargerðin frá 29. mars 1993 sé með svo veigamiklum göllum, að hún geti ekki orðið grundvöllur gjaldþrotaskipta, og í öðru lagi af því, að krafa sóknaraðila sé fyrnd.

Af hálfu sóknaraðila er vísað til þess, að mótmæli varnaraðila lúti aðallega að framgangi og framkvæmd hinnar árangurslausu aðfarargerðar. Sérstök úrræði hafi staðið gerðarþola, þ. e. varnaraðila, til reiðu næstu átta vikur eftir gerðina, sbr. 15. kafla laga nr. 90/1989 um aðför. Frestur til þessa hafi því runnið út, án þess að varnaraðili hafi nýtt sér þetta úrræði.

Þar sem um er að ræða aðfarargerð, er sóknaraðili reisir á kröfu sína um gjaldþrotaskipti, þykir rétt, að dómurinn taki afstöðu til mótmæla varnaraðila við henni.

Í greinargerð sinni telur varnaraðili upp athugasemdir við aðfarargerðina í fjórum liðum.

Í fyrstu athugasemd sinni bendir hann á, að með því að sóknaraðili hafi 29. mars sl. beðið um fjárnám fyrir opinberum gjöldum varnaraðila gjaldárin 1985 til og með 1988, sé ljóst, að sóknaraðili hafi skv. 68. gr. laga nr. 90/1989 átt að biðja um endurupptöku þeirra fjárnámsgerða, sem sóknaraðili hafði áður gert. Í endurupptökubeiðninni hafi sóknaraðili síðan átt að gera grein fyrir því, hvernig lögtökum þeim, sem gerð höfðu verið fyrir þessum gjöldum, hafði lokið og hve mikið hefði greiðst upp í álögð gjöld vegna fyrri lögtaksgerða og eftirfarandi uppboða. Um þetta atriði vísi varnaraðili til 105. gr. laga nr. 90/1989.

Ekki verður séð, að tilnefnd lagagrein né önnur ákvæði aðfararlaga leiði til þess, að skylt hafi verið að æskja endurupptöku vegna framangreindra gjalda.

Önnur athugasemd varnaraðila lýtur að því, að lögtaksgerðir þær, sem fram hafi farið vegna álagðra gjalda árin 1985 til og með 1988, hafi ekki verið enduruppteknar innan þess frests, sem lögtakslög nr. 29/1985 hafi kveðið á um. Ef ekki fékkst fullnaðargreiðsla, bar að halda fjárnáminu áfram án fyrirvara, sbr. 7. gr. nefndra laga. Þurfti því að endurupptaka fjárnámið innan sex mánaða frá uppboðsdegi, sbr. 2. mgr. 12. gr. fyrningarlaga. Þær, sem fram hafi farið vegna álagðra gjalda árin 1985 til og með 1988, hafi ekki verið enduruppteknar innan þess frests, sem lögtakslög nr. 29/1985 hafi kveðið á um.

Í 7. gr. laga nr. 29/1985 var kveðið á um, að lögtaki skyldi haldið áfram án fyrirvara. Ekki var kveðið á um, hver sá fyrirvari skyldi vera. Tilvísun varnaraðila til 2. mgr. 12. gr. fyrningarlaga getur ekki átt við hér, þar sem nefnd lagagrein er aðeins ein málsgrein. Verður því ekki talið, að endurupptaka lögtaksgerðanna hafi ekki verið lögum samkvæmt, og þótt svo væri, verður ekki séð, hver áhrif það hefði í máli þessu.

Þriðja athugasemd varnaraðila lýtur að því, að sóknaraðili hafi ekki lagt

fram nægileg gögn til stuðnings kröfu sinni, þ. e. svokallaða álagningar-seðla.

Þau gögn, sem varnaraðili er að vísa til, eru álagningarseðlar, sem hann hefur sjálfur fyrir löngu fengið í hendur og gefist kostur á að koma fram athugasemdum við, eftir atvikum með kæru gjaldákvörðunar. Telji hann kröfu sóknaraðila ekki vera í samræmi við álagningarseðlana, ber honum að sýna fram á það, en það hefur hann ekki gert.

Fjórða og síðasta athugasemd varnaraðila lýtur að því, að sóknaraðila hafi borið að leggja fram greiðsluáskorun með aðfararbeiðni sinni, almenn greiðsluáskorun í dagblaði sé ekki nægjanleg.

Aðfarargerðin 29. mars sl. var gerð með heimild í 9. tl. 1. mgr. 1. gr. aðfararlaga, og var því almenn greiðsluáskorun í dagblöðum nægjanleg, sbr. 8. gr. sömu laga.

Síðari málsástæða varnaraðila er á því reist, að hluti kröfu sóknaraðila sé fyrndur. Varnaraðili hafi aldrei gefið yfirlýsingu um, að hann væri eignalaus, heldur aðeins, að félagið ætti ekki nægilegar eignir fyrir þeim 13.316.814 kr., sem krafist var fjárnáms fyrir 23. mars sl. Hann hefði því vel getað átt eignir fyrir sex eða sjö milljónum, þótt hann hafi ekki átt eignir til lúkningar framangeindri fjárhæð.

Af hálfu sóknaraðila hefur því verið mótmælt, að krafa hans sé fyrnd. Vísi hann til fram lagðra lögtaksendurrita, er sýni fram á, að fyrningu hafi verið slitið. Óumdeilt sé, að opinber gjöld gjaldáranna 1990, 1991 og 1992 séu ófyrnd, samtals að fjárhæð 4.982.887 kr., miðaða við skuldastöðu í júlí 1993. Telja verði, að hin árangurslausa fjárnámssgerð, er sóknaraðili reisi á kröfu sína, gefi ekki ranga mynd af fjárhag varnaraðila, sbr. 1. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991, og er því skilyrðum þeirra laga fullnægt, til að taka megí bú varnaraðila til gjaldþrotaskipta. Varnaraðili gefi í skyn, að hann geti vel átt eignir, sem tryggt gætu kröfu þessa, en þessari fullyrðingu hans sé mótmælt, þar sem hún sé ekki studd neinum gögnum, auk þess sem varnaraðili hafi átt rétt og skyldu til þessarar eignaábendingar við fjárnámið.

Sóknaraðili hefur lagt fram gögn, er sýna fram á, að fyrningu hefur verið slitið á lögmætan hátt. Þau gögn hafa ekki verið vefengd af hálfu varnaraðila, og ber því að telja, að krafa sóknaraðila sé ekki fyrnd.

Samkvæmt framansögðu verður að telja, að skilyrðum 1. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991 sé fullnægt, og ber því að fallast á kröfu sóknaraðila um, að bú varnaraðila sé tekið til gjaldþrotaskipta.

Eftir þessum niðurstöðum þykir rétt, að varnaraðili greiði sóknaraðila 40.000 kr. í málskostnað.

Vakin er athygli á því, að greinargerð varnaraðila fullnægir ekki 2. mgr.

99. gr. laga nr. 90/1991 að því leyti, að erfitt er að greina málsástæður þær, er hann reisir kröfur sínar á.

Meðferð máls þessa hefur dregist vegna anna dómara.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Fallist er á kröfu sóknaraðila, Gjaldheimtunnar í Reykjavík, að bú varnaraðila, H. Helgasonar hf., verði tekið til gjaldþrotaskipta.

Varnaraðili greiði sóknaraðila 40.000 kr. í málskostnað.
